

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í Haukafelli á Mýrum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 6. febrúar 2007, deiliskipulag frístundabyggðar í Haukafelli á Mýrum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulagið tekur til um 34 ha svæðis úr landi Skógræktarfélags Austur-Skaftafells-sýslu í Haukafelli sem er að mestum hluta opið svæði, en með 5 lóðum fyrir frístundahús, þjónustuhús og verkfærageymslu auk tjaldsvæðis.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Höfn, Hornafirði, 24. maí 2007.

Hákon Valdimarsson, byggingarfulltrúi Hornafjarðar.

B-deild – Útgáfud.: 8. júní 2007